

785. fundur

Árið 2023, er fundur haldinn í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum miðvikudaginn 11. janúar, kl. 8:00 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

Mætt eru: Friðjón Einarsson, Anton Kristinn Guðmundsson, Björn G. Sæbjörnsson, Sverrir Auðunsson og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð. hans.

Friðjón Einarsson formaður stjórnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn.

Dagskrá:

1. *Undirbúningur vegna vetrarfundar S.S.S.*

a. *Kostir og gallar sameiningarstjórna SSS og Heklunnar. Gestur fundarins Magnús Stefánsson formaður stjórnar Heklunnar.*

M.S. forfallaðist vegna veikinda, formanni og framkvæmdastjóra falið að fá nýjan fundartíma með formanni stjórnar Heklunnar. Stjórnin ræddi minnisblaðið sem lagt var fram um kosti og galla sameiningar stjórna. Stjórnin mun vinna gögn til að leggja fram á vefrafundi S.S.S.

b. *Undirbúningur vegna annarra dagskráliða.*

Lagt er til að fundurinn verði haldinn föstudaginn 17.mars. Framkvæmdastjóra falið að ræða við Vegagerðina og Kölku um aðkomu að fundinum.

2. *Fyrirtækjakönnun – kynning.*

Framkvæmdastjóra falið að senda kynninguna til aðildarsveitarfélaga.

3. *Tilnefning í starfshóp um endurskoðun á Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Bréf dags. 04.01.2023 frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.*

Þuríður Halldóra Aradóttir Braun er tilnefnd af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga í starfshópinn.



4. *Staða og framtíð Suðurnesja – erindi dags. desember 2022 frá Aton JL.*
Stjórn S.S.S. samþykkir erindið og leggur til að verkefnið verði hluti áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Suðurnesja.
5. *Önnur mál.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:25.

Friðjón Einarsson

Björn G. Sæbjörnsson

Anton K. Guðmundsson

Sverrir Auðunsson

Berglind Kristinsdóttir